

Í lok árs



Um þessar mundir verður vart það veiðisjall tekið að ekki beri vernd okkar dýrmætustu auðlindar á góma, náttúrunnar. Um árabil hafa stangveiðimenn sleppt veiddum fiski þar sem fiskistofnar standa höllum færi, friðað heilu árnar og stutt með ráðum og dáð við endurreisn veiðisvæða sem halloka hafa farið. Það snertir því óhjákvæmilega við hjörtum stangveiðimanna að framtíð þessara sömu fiskistofna sé teft fram sem peði á skákbörði virkjana og fiskeldis. Ýjað hefur verið að sérhagsmunum veiðimanna og -félaga þegar andmælaréttur er virkjaður gegn fiskeldi í sjó eða áformum um virkjun fallvatna. Þeim sem í raun þekkja til veiðimanna dytti aldrei í hug að einfalda málstað þeirra og sannfæringu með orðum sem þessum. Áralöng og auðmjúk upplifun þeirra af samspili náttúru og lífríkis verður aldrei hrakin með rökum arðsemi eða viðskiptatækifæra. Huglægt mat á gæðum náttúru og hreinleika hennar verður aldrei af hólmi leyst með gróðahyggju. Þarna skilur þá að sem vilja njóta og þeirra sem vilja nýta.

Samspil náttúru og lífríkis er flókið spil þar sem mannskepnar ætti að halda sig við hlutverk sitt sem blindur meðspilari, ekki gjafari. Það má segja að við stangveiðimenn höfum fengið sönnun náttúrulegrar stangveiðistjórnunar síðastliðið sumar. Eftir að náttúran færði okkur næstum alla slagina við krúnudjásn okkar sumarið 2016 þá tókum við að okkur hlutverk þess blindi á liðnu sumri í Selvoginum. Náttúran spilaði út bæði sínum og okkar spilum þannig að við gerðum lítið annað en sitja hjá frá vori til hausts, bleikjan sagði pass og fékk frið til að stækka eitt árið enn. Sjáum til hvað á höndina kemur þegar náttúran gefur í nýtt spil á vori komanda.

Raunar þótti einhverjum sem náttúran léki heldur ójafnan leik á hálendinu á liðnu sumri þegar hún trompaði hvert útspil veiðimanna á fætur öðru. Snemma vors hamlaði hún för um Dóma-

dal með óheyrilegum vatnavöxtum, hélt spilunum þétt að sér yfir sumarið og tók eiginlega lokaslaginn með snemmkomnum snjó, sem þó staldraði stutt við. Þannig varð heldur fátt um ferðir í Framvötn austan Dómadals á liðnu sumri. Bleikjan í Frostastaðavatni fékk þannig enn meiri frið til að fjölga sér, sem mörgum þótti nú nægjanlega liðmörg fyrir. Svo getur náttúruleg veiðistjórnun brugðist sem önnur, því ekki hefði veitt af aukinni veiði til að auka lífsgæði bleikjunnar á þessum slóðum. Á móti kom að veiði í Dómadalsvatni var vel yfir meðallagi en engum sögum fer af veiði í Nýapólli sem hopaði um síðir.

Á sumri komandi býðst Ármönnum veiði í Laugardalsá í Ísa-fjarðardjúpi, Eystri Rangá í júní og silungasvæði Ytri Rangár. Vitaskuld er Hlíðarvatn í Selvogi inni á listanum auk vatnanna sunnan Tungnaár. Opnað verður fyrir umsóknir félagsmanna þann 10. janúar og stefnt er að úthlutun skömmu eftir 24. janúar þegar umsóknartímabilinu lýkur, skömmu áður en félagar stefna á Þorrablot Ármanna. Það sem af er vetrar hefur þáttaka Ármanna í félagsstarfinu verið með ágætum. Viðburðir og hefðbundnir dagskrárliðir hafa verið vel sóttir af félögum og ekki síst gestum sem vilja kynnast starfi okkar. Að venju er dagskrá Ármanna á Þorra, Góu og í Einmánuði öflug og áhugaverð, jafnt hefðbundnir dagskrárliðir sem óhefðbundnir eins og sjá má á heimasíðu félagsins, www.armenn.is

Að svo sögðu óska ég Ármönnum og fjölskyldum þeirra ánægjulegrar hátíðar og velfarnaðar á komandi ári með þökk fyrir ánægjulega samveru á árinu.

Kristján Friðriksson
#861

Rafræn umsókn veiðileyfa

Ekki hefur farið fram hjá neinum Ármanninum að nýjar áherslur hafa verið í ýmsu varðandi útgáfu og miðlun upplýsinga. Áróður í sinni hefðbundnu mynd er ekki lengur til. Ný og endurbætt heimasíða með öflugri fréttalutningi hefur litið dagsins ljós í staðinn. Facebook og tölvupóstur ásamt nýju heimasíðunni hafa tekið hitann og þungann af Áróði. Það var vitað að þetta yrði bylting sem legðist misvel í annars fastheldið og íhaldsamt félag. Við tókum sénsinn enda rafræn miðlun upplýsinga eðlilegt skref á 21. öldinni svo ekki sé minnst á umhverfisþáttinn í þessu máli. Veiðileyfablaðið verður líkt og áður gefið út á pappír. Stjórnin hefur orðið vör við aukinn áhuga á félaginu í kjölfar „núttímavæðingarinnar“ og hefur heimsóknunum á nýju heimasíðuna fjölgað heilmikið. Eins er meira líf á facebook-síðunni: Ármenn - fyrir féлага eingöngu. Hvetjum við sem flesta féлага að fylgjast með þar og jafnvel leggja eitthvað til málanna.

Nú ætlar stjórnin að láta reyna á rafræna umsókn veiðileyfa. Verður þetta vonandi til bóta fyrir alla sem sækja um og auðvelda jafnframt úrvinnslu umsókna. Opnað verður fyrir umsóknir þann 10. janúar og hægt verður að sækja um til miðnætis 24. janúar. Finna má umsóknarformið á heimasíðunni okkar, armenn.is Umsóknar- og úthlutunarreglur eru þær sömu og áður. Þær má sjá hér í blaðinu eins og allt um veiðisvæði Ármanna næsta sumars. Að gefnu tilefni vill stjórn minnst á það að einungis þeir félagar sem hafa greitt árgjald 2018 fá úthlutað veiðileyfi. Eindagi árgjalds er 10. janúar. **Fyrir þá sem vilja fara hefðbundnu leiðina og sækja um á pappír eins og undanfarna áratugi þá munu þar til gerð eyðublöð liggja frammi í Árósum og er umsóknartíminn sá sami og fram kemur hér að ofan.** Sjá má opnunartíma Árósa í dagskrá vetrar sem er að finna á baksíðu þessa blaðs og á heimasíðunni armenn.is undir Dagskrá.

Með von um góðar undirtektir,

Stjórnin.

Stjórn Ármanna býður nýja félags- menn velkomna

- 909 Kristinn Helgi Sveinsson
- 908 Júlíus Guðmundsson
- 907 Auðunn Ingi Jóakimsson
- 906 Axel Jón Fjeldsted
- 905 Jóhann Hannesson
- 904 Eyþór Áki Sigmarsson
- 903 Þóroddur Sveinsson
- 902 Jakob Sindri Þórsson
- 901 Jóhann Páll Guðnason
- 900 Birgir Sigurjónsson
- 899 Davíð Halldór Lúðvíksson
- 898 Benedikt Þorgeirsson
- 897 Árni Árnason
- 896 Valmundur Valmundsson
- 895 Karl Alvarsson
- 894 Guðmundur Jónsson
- 893 Sigurbjörn Árnason
- 892 Haraldur Ó. Tómasson
- 891 Stefán Rafn Geirsson



AFSLÁTTUR

Þeir eru margir kostirnir við það að vera Ármaður. Einn af þeim er klárlega sá að við fáum afslátt af vörum í veiðibúðum. Það eina sem við þurfum að gera er að borga árgjald og sýna gilt félagsskirteini í viðkomandi búð. Hér fyrir neðan má sjá lista þeirra verslana sem eru góðvinir Ármanna.

Árvík 10%

JOAKIM'S 10% í vefverslun

Veiðihornið 10 - 15%

Veiðivon 10%

Vesturröst 10 - 15%

Veiðileyfi Ármanna 2018

Í þessu blaði er fram borið það úrval veiðileyfa sem Ármenn bjóða sumarið 2018. Að sjálf-sögðu verður reynt að uppfylla allra óskir en óhjákvæmilega kemur fyrir að fleiri en einn félagsmaður vilji fá sama daginn. Þetta á einkum við fyrri hluta sumars í Hlíðarvatni, maí og júní, og fram í miðjan júlí, þegar allt að sex umsóknir berast um sömu helgina.

Til að auðvelda úthlutunarstörf og vinna þau á sanngjarnan hátt var kerfið með ABCD-bókstafs-merkingu umsókna innleitt.

Samkvæmt því fær félagsmaður sem sækir um tiltekinn veiðidag í A-reit á umsóknarblaði sínu meiri rétt til úthlutunar en sá sem sækir um sama dag í B-reit o.s.frv.

Sterkast er að senda inn hópumsókn. Þá sækja tveir eða fleiri um sama daginn, merkja við að um hópumsókn sé að ræða og vísa hver í annan. En hópumsóknir hafa mismunandi forgang og því þarf að setja nánari reglur þegar úthlutað er þeim dögum sem mest er sóst eftir.

Forgangur umsókna er metinn með því að gefa hverri umsókn stig. Þegar þrjár stangir eru seldar saman, líkt og í Hlíðarvatni, eru aðeins taldar þrjár umsóknir. Umsóknin verður ekki sterkari við að senda inn fleiri umsóknir en sem nemur þeim fjölda stanga sem sótt er um. Hins vegar getur einn umsækjandi sótt um fleiri en eina stöng.

Almennar reglur um forgang

- A-umsókn: 5 stig
- B-umsókn: 3 stig
- C-umsókn: 2 stig
- D H - umsókn: 1 stig
- Hópumsókn: 1 stig til viðbótar

Samkvæmt þessari reglu verður umsóknum raðað í forgangs röð í fyrsta lagi eftir stigum og í öðru lagi þannig að á jöfnum stigum nýtur um-sókn með bókstaf frammar í stafrófi forgangs:

- 16 stig AAA
- 14 stig AAB
- 13 stig AAC,
- 12 stig AAD, ABB
- 11 stig AA, ABC
- 10 stig ABD, ACC; BBB;
- 9 stig ACD, AB; BBC;
- 8 stig ADD, AC; BBD, BCC;
- 7 stig AD; BB, BCD; CCC;
- 6 stig BDD, BC; CCD
- 5 stig A; BD; CDD; CC
- 4 stig CD; DDD;
- 3 stig B; DD;

VARÐANDI HLÍÐARVATN

ÞEIR ÁRMENN SEM SENDA INN HÓPUM-SÓKN UM DAG Í HLÍÐARVATNI VERÐA AÐ SENDA INN AÐSKYLDAR UMSÓKNIR MEÐ VÍSUN Í NÚMER VEIÐIFÉLAGA SINNA, ANNARS TELST HÚN EKKI HÓPUMSÓKN!

Vinsamlegast kynnið ykkur úthlutunarreglurnar vel og vandið umsóknir ykkar sem best. Tilgreinið daga til vara ef unnt er. Það auðveldar starf úthlutunarnefndar að koma til móts við óskir allra á sanngjarnan hátt.

Veiðisvæði Ármanna 2018

Munið að síðasti skiladagur veiðileyfaumsókna er miðvikudagurinn 24. janúar 2018.

Forsenda þess að unnið sé úr veiðileyfaumsókn er að félagsmaður hafi greitt árgjald fyrir sama ár og sótt er um. Athygli félaga er einnig vakin á því að ef ekki hefur verið gengið frá greiðslu veiðileyfa fyrir 5. mars 2018 fara þau veiðileyfi í endursölu eða þá að leigutakar leysa þau til sín.

Ármenn veiða eingöngu á flugu á þeim veiðisvæðum sem félagið selur veiðileyfi á. Þetta á einnig við um þau svæði sem eru í umboðssölu

**Síðasti séns að skila
veiðileyfaumsókn er 24. janúar**

burtséð frá öðru leyfðu agni á viðkomandi svæði. Þar sem sums staðar er vísað í Áróð undanfarinna ára, er af gefnu tilefni bent á, að hann er aðgengilegur á heimasíðu Ármanna www.armenn.is frá árinu 2001.

1. Hlíðarvatn í Selvogi

Staðsetning: Í Selvogi, milli Krýsuvíkur og Þorlákshafnar. Vegalengd frá Elliðaárbrúm er rúmlega 60 km um Þrengsli en 55 km um Krýsuvík.

Veidisvæði: Allt vatnið, en hólmannir við Stakkavík, vestanvert í vatninu eru friðaðir á varptíma fugla.

Marshefti Áróðs 2009 var sérstaklega helgað vatninu og á heimasíðu Árvíkur (www.arvik.is) undir Veidistaðalýsingar, má finna mikinn fróðleik.

Stangafjöldi: Veitt er á þrjár stangir og eru þær seldar saman, einn dag í senn.

Veidítímabil: 2. maí – 30. september.

ATH. að sunnudagur 10. júní 2018 er frátekinn fyrir Hlíðarvatnsdaginn!

Veidítími: Veidimenn mega hefja veiðar kl. 18 kvöldið fyrir skráðan veiðidag og ljúka þeim sólarhring síðar eða kl. 18 skráðan veiðidag. Að öðru leyti er veiðitími frjálst. Verutíminn í Hlíðarseli er sá sami.

Leyfilegt agn: Fluga. Nefna má Peacock, Krók, Alexöndru, Alder, Butcher, Kardínála og Flæðarlús.

Veidihús: Hlíðarsel stendur undir hlíðinni vestanverðri, upp af Botnavík. Þar er snyrting, tvö herbergi með tveimur kojum hvort, svefnloft, eldhúsbekkur með gashellu, borðbúnaði og áhöldum, forstofa og úti-gasgrill. Taka þarf með sér rúmfatnað/svefnpoka, borðtuskur og viskastykki. Lyklar að húsi hanga við dyrnar. Veidimenn kvitti fyrir veru sína við vatnið í gestabók. Handhafar veiðileyfa hafa allir jafnan gistirétt í húsinu.

Reglur: Húsinu ásamt fylgihlutum þess, grilli og aðgerðarborði skal skila hreinu til næstu veiðimanna eigi síðar en kl. 18:00 á skráðum veiðidegi og veidimenn taka með sér allt rusl. Athugið að lausaganga hunda við vatnið er stranglega bönnuð og séu hundar hafðir í húsinu mega þeir einungis dvelja í forstofurými. Bannað er að vera með báta á vatninu, en bumbubátar eru leyfdir með því skilyrði að ekki sé veitt á þeim innan við 50 metra frá veiðimönnum sem veiða frá landi. Bumbubátar eru bannaðir í Botnavík.

Veidikort: Liggur frammi í veiðihúsi og einnig

eru almennar upplýsingar um vatnið á http://armenn.is/?page_id=88

Veidibók: Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt er að skrá allan afla. Menn eru vinsamlegast beðnir að skrá þar nöfn sín, en ekki einungis félagsnúmer.

Veidiumsþjón: Hlíðarvatnsnefnd, símanúmer hanga á vegg í veiðihúsinu.

Hlíðarvatn 2018

Tími	Dagar	Stangir	Verð/stöng/dag
maí, júní	virkir	3	5500
maí, júní	helgir	3	6500
júlí, ágúst, september	virkir	3	2500
júlí, ágúst, september	helgir	3	4500

2. Vötnin sunnan Tungnaár

Staðsetning: Vatnaklasi á Landmannaafreitti í um það bil 170 km fjarlægð frá Reykjavík, norðan og austan við Heklu.

Veidisvæðið: Fjölbreytileg vötn sem gefa bæði bleikju og urriða. Þekktust vatnanna eru trúlega Frostastaðavatn og Löðmundarvatn.

Um vötnin og aflabrogð í þeim má lesa í viðtali við Örn Danielsson, sem birt er í desemberhefti Áróðs 2008 og grein eftir Olgeir Benediktsson í Nefsholti í maíhefti Áróðs 2009. Auk þess er fróðeikur á heimasíðu Ármanna og á fos.is.

Veidítímabil: Veitt er frá því fært er í vötnin um miðjan júní og fram í september, eða meðan ferðapjónustan er opin í Landmannahelli. Utan þess tíma er hægt að fá gistingu eftir því sem færð og veður leyfir.

Stangafjöldi: Ótakmarkaður.

Leyfilegt agn: Hér veiða Ármenn á flugu.

Veidihús: Í Landmannahelli eru skálar í nokkrum stærðum þar sem góð aðstaða er til gistingar í svefnpoka. Húsin eru með upphitun, rennandi vatni, eldunaraðstöðu, vatnssalerni og útigrilli. Einnig er við Landmannahelli svæði fyrir tjöld, fellihýsi og húsbíla.

Á vefsíðunni www.landmannahellir.is eru allar upplýsingar um aðstöðuna. Pantanir og fyrirspurnir í síma 893-8407 eða info@landmannahellir.is.

Reglur: Félagsskírteini Ármanna fyrir árið 2018 gildir sem veiðileyfi í öll vötnin. Ármenn skulu framvísa félagsskírteini í Landmannahelli áður en veiðar eru hafnar og skila skýrslu um afla áður en farið er af svæðinu.

Umsjón: Skálaverðir í Landmannahelli. Upplýsingar um veiðisvæðið og aflatölur má sjá á slóðinni <http://www.veidivotn.is/>.

3. Laugardalsá, laxveiði

Staðsetning: Laugardalsá er ein albasta laxveiðiá Vestfjarða. Vegalengd frá Reykjavík er um 360 km. 9 ára meðalveiði hennar er 380 laxar, veiðin 2015 var 521 lax og töluverð urriðaveiði er á svæðinu líka.

Veiðisvæðið: Frá fjöru til fjalla og vötnin 2 þar á milli.

Stangafjöldi: Veitt er á 2-3 dagstangir sem seljast saman, tvær tangir fyrri og seinni hluta sumars en þrjár tangir um miðbik sumars. Möguleiki er að lengja styttri hollin og stytta lengri hollin sem eru í boði í töflunni hér að neðan. Hafið samband við stjórn ef áhugi er á því. (armenn@armenn.is)

Veiðitímabil: 15. júní til 15. september.

Veiðitími: 7-13 og 16-22 (15-21 að hausti)

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Rúmgott veiðihús fylgir veiðileyfunum. Í húsinu eru 3 herbergi. Nýtt stórglæsilegt svefnhús er við hliðina á því eldra sem gjörbreytir aðstöðunni, en gistiþláss er fyrir 13 manns.

Reglur: Öllum laxi yfir 70 cm skal sleppt í ána aftur, kvóti 1 lax á stöng á dag.

Veiðikort: Veiðikort er að finna í veiðihúsinu

Veiðibók: Skrá skal allan afla í veiðibók í veiðihúsi.

Veiðiumsjon: Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

Laugardalsá 2017 laxveiði

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
30. júní - 2. júlí	2	3	45000
2. júlí - 4. júlí	2	3	50000
4. júlí - 6. júlí	2	3	60000
29. ágúst - 2. sept	3	2	70000
2. sept - 6. sept	3	2	70000

4. Ytri – Rangá, silungasvæði

Staðsetning: Silungasvæðið í Ytri-Rangá er um 30 km langt og er því töluverð áskorun fyrir veiðimenn. Áin er stór og mikil og veitt er frá báðum bökkum. Frá 2013 hefur eingöngu verið veitt á flugu og er öllum fiski sleppt á svæðinu. Hafa urriðar um og yfir 6 kg veiðst í áni.

Veiðisvæðið: Frá Galtalæk niður að Gutlfossbreiðu til 20. Ágúst en eftir þann tíma nær svæðið niður að Réttarnesi.

Stangafjöldi: Veitt er á 6 tangir, einn dag í senn.

Veiðitímabil: 1. apríl – 15. september

Veiðitími: 12 klst á dag milli kl 7-22.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Ekkert.

Reglur: Öllum fiski skal sleppt.

Veiðibók: Staðsett í veiðihúsi Ytri-Rangár, sunnan Þjóðvegs.

Veiðiumsjon: Jóhannes Hinriksson Gsm. 6967030

Ytri-Rangá silungasvæði

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. apríl - 15. sept	1	6	10000

5. Eystri-Rangá, laxveiði í júní

Staðsetning: Veiðisvæði Eystri er um 22 km frá Tungufossi niður að ármótum við Þverá. Ánni er skipt niður í 9 svæði, tvær tangir per svæði.

Veiðisvæðið: Frá Tungufossi niður í ármót við Þverá. Kort og upplýsingar eru á www.ranga.is

Stangafjöldi: Veitt er á 12 tangir og deilast þær niður á 4 svæði, en svæðum er skipt í 1-2, 3-4, 5-6 og 7-8-9. Best er að taka 3 tangir og hafa heilt svæði út af fyrir sig. Það er þó ekki skilyrði.

Veiðitímabil: 15. – 21. júní

Veiðitími: 7-13 og 16-22.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Ekki til gistingar en kaffiástaða er í veiðihúsi ofan við Dýjanes.

Reglur: Allur fiskur skal settur í klakkistur sem staðsettar eru víðsvegar við ána.

Veiðibók: Staðsett í veiðihúsi Eystri-Rangár.

Veiðiumsjon: Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

Eystri-Rangá Laxveiði

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
15. júní - 26. júní	1	3	45000



ÁRMENN Í ÚTRÁS



Það hefur væntalega ekki farið fram hjá neinum að í mars á næsta ári ætla Ármenn að fjölmenna til mekka fluguveiðinnar, Skotlands. Þar stendur hæst að heimsækja fluguveiðisýningina „The Scottish Fly Fair“. Þegar þessi hugmynd kom upp á fundi stjórnar þótti mönnum hún djörf, nýjung í félagsstarfinu og vissum við ekkert hvernig móttökurnar yrðu. Við áttum kannski von á að 5-8 manns sýndu þessu áhuga. Það er skemmt frá því að segja að viðtökur við þessari hugmynd fóru fram úr okkar björtustu vonum. Þegar skráningu lauk höfðu 30 manns sett nafn sitt á blað og við ásamt tengilið okkar hálfpartinn lentir í veseni með að finna hótél og flug fyrir hópinn. Allt gekk þetta nú eftir og nú bíðum við spennt. Formleg dagskrá hefur ekki enn verið negld niður en heyrst hefur að áhugi sé hjá þátttakendum að skoða hina margrómuðu veiðibúð Glasgow Angling Centre. Einnig er ekki lo-

kum fyrir það skotið að menn komist í veiði ef áhugi er á, enda vorið í Skotlandi að banka á dyrnar á þessum tíma. En auðvitað er sýningin sjálf þungamiðjan í þessu öllu saman. Á svona sýningu er nánast allt sem snýr að fluguveiði. Þekktir fluguhnýtarar og flugukastarar sýna listir sínar ásamt aragrúa af fyrirtækjum í bransanum að kynna sína vöru. Þegar við settum okkur í samband við skipuleggjendur sýningarinnar og sögðum þeim að lítið veiðifélag frá Íslandi væri með hópferð til þeirra fannst þeim tilvalið að bjóða okkur að taka þátt í fluguhnýtingasýningunni. Tilvalið væri að vera með bás og sýna flugurnar sem við notum hér á Íslandi. Skegg og skott því hugsanlega að fara í viking. Þetta er nú í ferli og ef til vill verður snúið upp á hendina á einum til tveimur úr hópnum og þeir bednir að taka með sér þvingurnar. Mikill heiður í því ef af verður. Ef vel til tekst og góður rómur verður gerður af þessari útrás þá gæti þetta verið eitthvað sem við gerum að föstum lið. Hvort sem það verður Skotland eða eitthvað annað land sem verður heimsótt. Ferðinni verður vitaskuld gerð góð skil í máli og myndum þegar heim er komið. Stjórnin leitast alltaf eftir því að efla starf félagsins og með svona góðri þátttöku félaga er þetta klárlega vel heppnaður liður í því.

Þorrablót

Þorrablót Ármanna verður haldið þann 27. janúar 2018



Þetta er skemmtun sem enginn má láta fram hjá sér fara og því er um að gera að taka kvöldið frá. Húsfyllir er á hverju ári og því er um að gera að tryggja sér miða tímanlega.

Það má gera með því að senda tölvu-póst á armenn@armenn.is og taka fram fjölda gesta eða koma við í Árósum og rita nafn sitt á þar til gert blað. Kostnaði er ávallt stillt í hóf. Ræðumaður kvöldsins, fjöldasöngur og kjammar eins og hver getur í sig látið, hvað er hægt að hugsa sér betra. Hittumst, etum, drekkum, syngjum og verum glöð.

**Minum á eindaga
árgjalds 10. janúar**

HÁTÍÐARMATUR

Margir veiðimenn fyllast einhverju undarlegu stolti við að matreiða sína eigin bráð. Að draga bjög í bú er eitthvað sem heillar marga og er nýting aflans stór þáttur í veiðinni fyrir þá. Í siðareglum Ármanna stendur að „Ármaður virðir bráð“ og fátt er leiðinlegra en að láta fisk skemmast í frystikistunni. Formenn Ármanna hafa sýnt mikla matarást og skemmt er að minnast „silungs á 17 vegu“ þar sem Árni Þór matreiðdi silung ofan í gesti Árósa. Núverandi formaður hefur einnig sýnt tilburði í þessa áttina og hefur ritstjórn fengið að kynna þeim af eigin raun. Nú er það svo að okkur þykir ólíklegt að formaðurinn sjái einn um að fylla kistuna en þar sem hann er vel giftur (veiðifélaganum) þá hefur eflaust eitthvað safnast fyrir þegar að vertíð líkur. Á vef formannsins FOS.is má sjá nokkuð skemmtilegan kafla um matreiðslu silungs og hvetjum við lesendur til að kíkja þar inn. Við ætlum að birta með góðfúslegu leyfi Kristjáns tvær af þessum uppskriftum hér. Þökkum við Kristjáni fyrir lánið á uppskriftunum.



REYKT BLEIKJA Á MELÓNU

Ég hef notað gular- og hunangsmelónur sem ég sneiði í þunnar sneiðar sem ég þek síðan síðan ríflega með þunnt skorinni, taðreyktri bleikju. Til að toppa þetta og kitla bragðlaukana hef ég sett örlítinn dropa af tamarind jalapeno sósu frá Hrefnu Sætran ofan á hverja sneið. Það er ótrúleg barátta á milli bragðtegunda sem á sér stað í munnum við þessa blöndu, eitthvað sem kemur virkilega á óvart.



Bleikjutortillur

Grafinn bleikja, rjómaostur og sýrður rjómi vafið inn í tortillur.



GRAFINN URRÍÐI MEÐ RJÓMAOSTI

Flestir þekja grafinn lax á ristudu brauði með graflaxsósu, herramannsmatur. En það getur verið tómt vesen að borða þetta nema með hníf og gaffli og því verður stundum ekki komið við, sérstaklega í veislu eða kokteilboði þar sem fátt er um hnífapör. Ég hef því tekið grafinn urriða, sneitt hann niður og saxað gróft ofan á þunnar (u.þ.b. 0,5 sm. þykkar) sneiðar af grófu snittubrauði. Hver sneið verður því u.þ.b. tveir munnbitar og ekkert mál að tulla henni við hlið te- eða kaffibollans á undirskálina. Til að halda örlítilli nýbreytni í þessu, þá hef ég smurt sneiðarnar með Philadelphia Original rjómaosti í stað smjörs eða majónes. Hverri sneið hef ég síðan úthlutað einum vænum dropa af graflaxsósu og ef ég er ekki í mikilli tímaþröng, þá hef ég sett örlítið af steinselju ofaná til skrauts. Vel að merkja, þá er auðvitað líka hægt að útbúa þessar snittur með reykttri bleikju.



Hertur silungur

Þessum dreng finnst ekkert betra en að fá hertann silung. Hann herðir aflann sinn sjálfur og vill helst ekki gefa með sér.

**Þorrablót, þorrablót, þorrablót,
allir að skrá sig**

Vetrardagskrá í Árósum

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22

Opið hús verður alla miðvikudaga í vetur.

Ef ekkert er á dagskrá þá er kaffi á könnunni og maður er manns gaman.

Auglýstir viðburðir

- 8. janúar kl. 20 – Skegg og skott – Straumflugur.
- 10. janúar kl. 20 – Kynning á veiðistaðaframboði 2018 – Opnað fyrir umsóknir.
- 15. janúar kl. 20 – Skegg og skott – Hnýtt á Íslandskortið.
- 17. janúar kl. 20 – Línuhreinsun og umhirða.
- 22. janúar kl. 20 – Skegg og skott – Púpur.
- 24. janúar kl. 20 – Síðasti dagur í forúthlutun – Ármenn hittast og fylla upp í lausa daga.
- 27. janúar kl. 20 – Porrablót Ármanna.
- 29. janúar kl. 20 – Skegg og skott – Hnýtt á Íslandskortið.
- 31. janúar kl. 20 – Hnútarnir.
- 5. febrúar kl. 20 – Skegg og skott – Febrúarflugukvöld með góðum gestum.
- 7. febrúar kl. 20 – Veiðistaðurinn minn – Félagar drepa niður fæti við Laxá í Mývatnssveit.
- 12. febrúar kl. 20 – Skegg og skott – Febrúarflugukvöld með góðum gestum.
- 14. febrúar kl. 20 – Palli hnífasmíður heimsækir Ármenn og kynnir vörur sínar.
- 19. febrúar kl. 20 – Skegg og skott – Febrúarflugukvöld með góðum gestum.
- 21. febrúar kl. 20 – Veiðistaðurinn minn – Félagar drepa niður fæti á nýjum slóðum.
- 26. febrúar kl. 20 – Skegg og skott – Febrúarflugukvöld með góðum gestum.
- 28. febrúar kl. 20 – Lokakvöld Febrúarflugna.
- 5. mars kl. 20 – Skegg og skott – Túbur.
- 7. mars kl. 20 – Aðalfundur Ármanna 2018.
- 12. mars kl. 20 – Skegg og skott með góðum gesti.
- 14. mars kl. 20 – Framvatnaskvöld.
- 19. mars kl. 20 – Skegg og skott – Laxaflugur.
- 21. mars kl. 20 – Veiðistaðurinn minn – Félagar drepa niður fæti á nýjum slóðum.
- 26. mars kl. 20 – Skegg og skott með góðum gesti.
- 28. mars kl. 20 – Hlíðarvatnaskvöld
- 4. apríl kl. 20 – Flóamarkaður með nýju sniði
- 16. apríl kl. 20 – Skegg og skott með góðum gesti.
- 21. apríl kl. 14:00 – Vorfagnaður Ármanna
- 28. og 29. apríl – Hlíðarvatnshreinsun

Allir ofangreindir liðir eru birtir með fyrirvara um breytingar